

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Arndísar Soffíu Sigurðardóttur um endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna útgjalda af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli.

1. *Hversu mikla fjármuni hefur ríkið þegar endurgreitt sveitarfélögum vegna útgjalda þeirra af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli?*

Styrkur að fjárhæð 1.020.000 kr. hefur verið greiddur til sveitarfélaganna vegna útgjalda þeirra í húsaleigukostnaði en íbúum á öskusvæðum hefur gefist kostur á að búa tímabundið í leiguhúsnæði fjarri heimili sínum. Þá eru ótaldar greiðslur frá Viðlagatryggingu og Bjargráðasjóði.

2. *Hvaða þættir í útgjöldum sveitarfélaganna njóta endurgreiðslu?*

Húsaleigukostnaður vegna tímabundins flutnings ábúenda er styrktur. Frekari ákvarðanir um styrkveitingu eða endurgreiðslu hafa ekki verið teknar af ríkisstjórninni.

Þá kunna sveitarfélög að eiga rétt til einhverra endurgreiðslna/bóta á grundvelli laga um Viðlagatryggingu Íslands og laga um Bjargráðasjóð.

3. *Hefur verið tekin ákvörðun um að endurgreiða sveitarfélögunum útgjöld vegna eldgossins sem ekki er hægt að sjá fyrir núna en kunna að koma til síðar?*

Nei, engin slík ákvörðun hefur verið tekin af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Þess má geta að ríkisstjórnin hefur fram til þessa lagt til 800,7 millj. kr. til að mæta útgjöldum vegna viðbragða í kjölfar eldgossins á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Samráðshópur fimm ráðuneytisstjóra sem fjallar um viðbrögð, neyðaraðgerðir og kostnað í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi er enn að störfum og mun halda áfram að vinna að verkefnum sínum í samvinnu við alla þá fjölmörgu aðila sem að málinu hafa komið, svo sem ráðuneytin, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og þjónustumiðstöðina á gossvæðinu, sveitarfélög, hagsmunaaðila og stofnanir.